

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Samvinnubyggingarfélag Eyjafjarðar.

198

18. okt.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Félagið heitir Samvinnubyggingarfélag Eyjafjarðar, og er stofnað á grundvelli laga nr. 7 frá 12. jan. 1945.

Félagssvæðið nær yfir sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar, þ. e. alla hreppa Eyjafjarðarsýslu, Svalbarðsstrandarhrepp og Grýtubakkahrepp í Suður-Þingeyjarsýslu og Ólafsfjörð.

Heimili þess og varnarþing er Akureyri.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að vinna að því, að byggður verði á næstu árum, í viðkomandi hreppum, eftir því sem nauðsyn krefur og við verður komið, sá húsakostur, er þarf fyrir búrekstur á jörðum á svæðinu. Byggingar þær, sem samþykkt þessi nær til, eru:
 1. Íbúðarhús.
 2. Peningshús.
 3. Hlöður og votheystóftir.
 4. Þvaggryfjur, safnþrær og haughús.
 5. Geymsluhús.
2. Að stuðla að því með félagslegu samstarfi, að bændur geti komið byggingunum upp á ódýran hátt, en þær séu þó varanlegar og hagkvæmar fyrir búrekstur á jörðunum.

3. gr.

Markmiði sínu hyggur félagið að ná með því:

- a. Að hafa í þjónustu sinni byggingafróðan mann. Skal hann, að svo miklu leyti, sem við verður komið, leiðbeina félagsmönnum við undirbúning bygginga þeirra, sem tilgreindar eru í 2. gr. Svo sem um staðsetningu þeirra, byggingarfyrirkomulag og úr hverju efni sé byggt. Hann skal hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum félagsmanna. Hann skal og, ef við verður komið, halda námskeið og kenna ýmis einfaldari störf húsa bygginga.
- b. Að hafa í þjónustu sinni, eftir nánari ákvörðunum aðalfunda, hæfa byggingaverkstjóra, er hafi fagþekkingu á trésmíði, steinsteypu og járnalagningu, raf-lögnum, hitalögnum og húsamálningu. Skulu þeir hafa á hendi stjórn vinnuflokka, er að byggingum vinna fyrir félagsmenn.
- c. Að hvetja félagsmenn til að vinna hverjir hjá öðrum til að létta byggingarkostnaðinn.
- d. Að hafa milligöngu fyrir félagsmenn í samvinnu við kaupfélögin á félagssvæðinu um útvegum byggingarefnis með hagkvæmu verði og kjörum.
- e. Að hafa áhrif á það, að hentug og vaxtalág lán fái til bygginganna.

II. KAFLI

Félagsmenn og deildaskipun.

4. gr.

Inngöngu í félagið fá karlar og konur, sem á félagssvæðinu búa, og skal ávallt vera til skrá yfir félagsmenn hjá stjórn félagsins. Skulu nýir félagsmenn færðir inn á skrána og þeir sem úr félaginu ganga skráðir úr því. Úrsögn skal vera skrifleg og sendist félagsstjórn. Árstíllag hvers félagsmanns ákveður aðalfundur.

5. gr.

Hreppabúnaðarfélögin geta með lögmætri fundarsamþykkt gerzt deild í félaginu, og gildir þá fundarsamþykkt þess, sem innskráning félagsmanna fyrir svæði búnaðarfélagsins og skal félagsskrá afhent með inntökubeiðni í félagið.

6. gr.

Félagið skiptist í deildir, þannig, að hver hreppur er deild út af fyrir sig, nema aðalfundur félagsins ákveða annað. Færri en 5 félagar geta ekki myndað deild.

7. gr.

Í hverri deild skal halda aðalfund árlega í janúarmánuði. Skulu þar rædd málefni deildarinnar. Þar skal lögð fram skýrsla stjórnarinnar um störf hennar og framkvæmdir á næstliðnu ári á félagssvæðinu. Fundur er lögmætur ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna mætir. Á fundi hafa allir félagsmenn málfrelsi og atkvæðisrétt.

8. gr.

Á aðalfundi deildanna skal kjósa deildarstjórn og varadeildarstjórn til tveggja ára í senn. Hver félagsmaður er skyldur að taka kosningu í sinni deild eitt kjörtímabil og má endurkjósa hann svo oft sem vill, ef hann skorast ekki undan kosningu. Deildarstjóri skal á hvers árs aðalfundi deildarinnar gera full skil fyrir störfum sínum undanfarið ár.

9. gr.

Störf deildarstjóra eru þessi: Hann hefur alla stjórn og framkvæmdir á hendi í deildinni. Hann kallar saman fundi, stjórnar þeim og ber þar upp málefni, er félagsmenn og deildina varða. Honum ber og að standa skil á árgjaldi deildarmanna. Gerðir deildarstjórna og funda í deildunum skal skrá í gerðabók.

10. gr.

Hver deild hefur rétt og skyldu til að senda einn fulltrúa á fundi félagsins. Séu deildarmenn 20 má senda 2. Fyrir 35 deildarmenn má senda þrjá. Fyrir fimmtíu fjóra fulltrúa o. s. frv. Deildarstjóri er sjálfkjörinn fyrsti fulltrúi. Séu fulltrúar fleiri skulu þeir kosnir á aðalfundi deildanna.

III. KAFLI

Verksvið aðalfunda, skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar.

11. gr.

Aðalfund félagsins skal halda á ári hverju fyrir lok aprílmánaðar. Hefur hann æðsta vald í félagsmálum og gerir þar ákvarðanir um starfsemi félagsins, sem þörf er á. Aðalfundur er lögmætur, ef fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundina, enda sé á fundinum mættur meiri hluti þeirra fulltrúa, er þar hafa atkvæðisrétt.

12. gr.

198

Aukafundi skal halda í félaginu, þegar stjórn félagsins álitur þess þörf. Aukafundur er lögmætur, ef fulltrúar mæta frá helmingi deilda eða meira. 18. okt.

13. gr.

Á fundinum eiga sæti, auk deildarfulltrúa, félagsstjórnin, ráðunautur félagsins í byggingarmálum og endurskoðendur. Allir félagsmenn hafa aðgang að fundum félagsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en fulltrúar einir atkvæðisrétt. Úrslitum á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem samþykktir mæla fyrir um annað.

14. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn og jafnmargir varamenn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr stjórn á hverju ári, í tvö fyrstu skiptin eftir hlutkesti. Hið sama gildir um kjör varamanna. Aðalfundur kys tvo menn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Gildir kosning þeirra til tveggja ára í senn. Skulu þeir kosnir sitt árið hvor í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Allir félagsmenn eru skyldir til að taka kosningu um eitt kjörtímabil, en endurkjósa má þá svo oft sem vill, ef þeir ekki skorast undan endurkosningu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Skal einn vera formaður, annar ritari, þriðji gjaldkeri. Þó er heimilt að skipta verkum á annan hátt, ef hentugra þykir. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Hann ávísar greiðslum úr sjóðum félagsins. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri annast reikningshald, innheimtu og greiðslu eftir ávísunum formanns. Stjórnarfundur er lögmætur, ef meiri hluti stjórnar er mættur, en kveðja skal varamenn til funda í forföllum aðalmanna. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnin skal halda gerðabók og skrá í hana allar gerðir stjórnarfunda. Hún boðar til félagsfunda og undirbýr málefni fyrir fundi, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda. Hún leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan og gætir hagsmuna þess í öllum greinum. Stjórnin ber ábyrgð allra gerða sinna fyrir aðalfundi félagsins.

15. gr.

Félagsstjórn ræður sér til aðstoðar byggingafróðan mann, og getur hún falið honum það af störfum sínum, er henni lízt eða aðalfundur ákveður. Hún gerir starfssamning við hann og semur um laun hans. Samningurinn sé uppsegjanlegur af beggja hálfu með ákveðnum fyrirvara.

16. gr.

Stjórn félagsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingum á félagssvæðinu. Skyllt er henni, samkvæmt 20. gr. laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem félagið fær styrk til að kaupa, samkvæmt 21. gr. téðra laga.

17. gr.

Stjórnin, í samráði við byggingarfulltrúa, sér um kaup á öllu því, sem með þarf til reksturs á vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

198

18. okt.

18. gr.

Stjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem félagið setur. Hún undirritar alla samninga um vinnuaðstoð, er félagið veitir, svo og um véla- og áhaldaleigu og ákveður í samráði við byggingarfulltrúa, hvenær og í hverri röð skuli byrja á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún, ásamt byggingarfulltrúa, staðsetningu bygginga, í samráði við jarðeiganda, ef ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni teiknistofu landbúnaðarins, samanber 18. gr. laga um jarðræktar- og húsaðarsamþykktir í sveitum.

19. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd Samvinnubyggingarfélagsins eftir samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda, eru skuldbindandi fyrir hinar einstöku deildir og félagsheildina, án þess það hafi verið sérstaklega undir þá borið.

IV. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

20. gr.

Félagið tekur að sér fyrir félagsmenn allan undirbúning að byggingarframkvæmdum, svo sem að annast um að gera uppdrætti og efnisreikninga. Það tekur að sér útvegum samþykktar á teikningum hjá teiknistofu landbúnaðarins, séu þeir ekki gerðir af henni. Félagið leggur félagsmönnum til faglærða byggingamenn sem verkstjóra, eftir því sem aðstæður eru til og nauðsyn krefur. Það útvegar, sé þess óskað, byggingarefni, sbr. ákvæði d-liðar 3. gr. þessarar samþykktar. Þá leggur félagið til vélakost þann, er það kann að eignast, samkvæmt ákvæðum 16. gr.

21. gr.

Að fengnum þeim umsóknum, er um getur í 17. gr., ber stjórn félagsins í samráði við byggingarfulltrúa að semja starfsáætlun yfir framkvæmdir yfirstandandi árs á svæðinu. Rísi ágreiningur innan félagsstjórnarinnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir deildarstjórafund til samþykktar. Ræður afl atkvæða úrslitum á fundinum. Framkvæmdarstjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

22. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

V. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

23. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, er félagið innir af hendi fyrir félagsmenn, greiðist af verkþiggjanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í samningi, er um það verður gerður. Heimilt er framkvæmdastjórn að láta greiðslur fyrir vélakost fara eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarreikningsskil séu byggð á tilkostnaðarverði, eins og þau verða samkvæmt rekstursreikningi hvert ár.

24. gr.

Til kostnaðar telst allur reksturskostnaður véla og áhalda, greiðslur fyrningargjalds af þeim og veggjamótum, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur og stjórnarkostnaður. Heimilt er félaginu að leggja á kostnað þann, er hér greinir, allt að 10% áhættuþóknunar. Rekstrarafgangur af áhættuþóknun leggist í byggingarsjóð félagsins.

198

18. okt.

VI. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

25. gr.

Félagið myndar byggingarvélasjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við framkvæmdir þess. Stofnfjárhæð hans er kr. 100 000.00. Stofnfjár sé aflað þannig:

1. Deildir félagsins leggja fram, sem óafturkræft framlag, $\frac{1}{6}$ hluta fjárins.
2. Félagið sjálft hefur aflað sér með óafturkræfum framlögum annars staðar frá $\frac{1}{6}$ hluta fjárins.
3. Tveir þriðju starfsfjárins er framlag Byggingarsjóðs og Nýbýlasjóðs ríkisins samkvæmt 21. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Árlegar tekjur stofnsjóðs eru:
 1. Tekjur, sem inn koma samkvæmt 23. gr.
 2. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að áskotnast.

26. gr.

Framlög samkvæmt 1. og 2. lið 25. gr. greiðist til félagsstjórnar, er samþykkt þessi hefur öðlazzt gildi. Framlög deildanna miðist við tölu býla, er framkvæmdir eftir samþykktum þessum ná til, þó er skylt að greiða inn til stofnsjóðs, ef síðar verður stofnað til nýbýla, er samþykktin nær til, tilsvarendi stofnsjóðsgjald við það, sem greitt hefur verið á býli af viðkomandi deild.

27. gr.

Nú kemur í ljós, að álitu félagsstjórnar, að auka beri byggingarvélasjóð, ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum deildunum. Deildarstjórar tilkynni tillögurnar félagsmönnum sínum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund félagsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi samþykkir að auka byggingarvélasjóð, er samþykktin bindandi fyrir hinar einstöku deildir félagsins.

28. gr.

Stjórn félagsins heimilast að taka tryggingar, er hún metur gildar, fyrir samningsbundnum greiðslum á þeirri verklegu aðstoð og vélaleigu, er félagið lætur félagsmönnum í té. Miðast tryggingarnar við áætlaðan kostnað, en lokagreiðslur fara eftir samningi þeim, er í 18. gr. er getið.

VII. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

29. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímlega, að endurskoðun geti farið fram, áður en aðalfundur félagsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa að reikningunum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar og byggingarfulltrúa í hvívetna.

18. okt.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi. Þar gefur stjórn og byggingarfulltrúi skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

VIII. KAFLI

Um breytingar samþykktá og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

31. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma, um breyting á samþykkt þessari frá deildunum, skulu sendar framkvæmdastjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykkt standa, samkvæmt 1. gr. Breytingartillögur framkvæmdastjórnar skulu sendar sömu aðiljum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögnum deildanna lagðar fyrir aðalfund félagsins. Samþykki löglegur aðalfundur þær með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal framkvæmdarstjórn senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

32. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lög-
mætur aðalfundur samþykki það með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fulltrúa, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

33. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

34. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um húsagerðarsamþykktir í sveitum frá 13. maí 1947, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. október 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.